



Áfram mikil batamerki á vinnumarkaði

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 207.900 manns hafi verið á vinnumarkaði í september 2021, sem jafngildir 78,2% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 202.000 starfandi og um 5.900 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 2,8% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 3.900 milli ára. Atvinnulausum fækkaði um 3.000 frá september í fyrra. Hlutfall starfandi var 75,9% í september og hækkaði um 2,2 prósentustig frá september 2020. Allt eru þetta skýr merki um sterkari vinnumarkað.

Atvinnuþátttaka á uppleið

Í fyrra fór atvinnuþátttaka lægst niður í 73,4% í apríl og hafði ekki verið lægri áður í sögu vinnumarkaðskönnunarinnar. Atvinnuþátttaka hefur farið stöðugt vaxandi á þessu ári og var 78,2% nú í september sem er 1,1 prósentustigi meira en í september í fyrra.




Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,2% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð síðustu mánuði á þann mælikvarða.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 2,8% í september sem er 1,6 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálastofnun var hins vegar 5% í september og hafði minnkað um 4 prósentustig milli ára.

Sumar niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast mikið eftir mánuðum. Þannig var atvinnuleysi í september 2,4 prósentustigum lægra en í ágúst. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðrétta tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í september 3,5% í stað 2,8% mælingar.

Í Hagsjám Hagfræðideildar er jafnan notast við samanburð á milli ára eða 12 mánaða hlaupandi meðaltal til þess að meta þróun í tíma. Í september var meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða þannig





6,8% samkvæmt mælingum Hagstofunnar og 9,1% samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar á skráðu atvinnuleysi.

Vinnuafslnotkun eykst eftir samdrátt í langan tíma

Starfandi fólki á 3. ársfjórðungi fjölgaði um 4,3% miðað við sama tíma í fyrra. Vinnutími stýttist um 0,8% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 3,5% milli ára. Þetta er annar ársfjórðungurinn síðustu 2 ár sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda, en þeim var tekið að fækka nokkru áður en faraldurinn brast á.

Atvinnuleysi á Norðurlöndunum




Atvinnuleysi jókst meira á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum á tíma faraldursins samkvæmt tölum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF). Faraldurinn virðist ekki hafa haft mikil áhrif á atvinnustig í Noregi og Danmörku, aðeins meiri áhrif í Svíþjóð og Finnlandi og mest á Íslandi.

Samkvæmt spá sjóðsins, sem reyndar er áþekkt spá Hagfræðideildar Landsbankans fyrir Ísland, mun atvinnuleysi hér á landi minnka meira og hraðar en í hinum löndunum. Atvinnuleysi var álíka mikið í Noregi og á Íslandi á árinu 2019 og verður aftur svipað á árinu 2023 gangi spá IMF eftir. Breytingarnar á milli þessara tveggja tímamarkna hafa hins vegar verið mun meiri á Íslandi.

Mikil áhrif á vinnumarkaðinn

Nú er liðið um eitt og hálf ár frá því að faraldurinn fór að hafa áhrif á vinnumarkaðinn hér á landi, en reyndar var farið að slakna á honum nokkuð fyrr. Áhrif faraldursins komu sérstaklega fram í atvinnuleysi, sem náði nýjum, áður óséðum hæðum. Segja má að atvinnuleysið hafi verið ein meginásýnd þessarar kreppu. Aðrar stærðir, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, færðust einnig í neikvæða átt á þessum tíma.

Tölur síðustu mánaða benda til þess að botninum sé þegar náð, að bjartara sé framundan og að vinnumarkaðurinn sé farinn að styrkjast aftur. Þrátt fyrir endurtekin skakkaföll í baráttunni við faraldurinn er samt ástæða til bjartsýni.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.